

Úrskurður
úrskurðarnefndar raforkumála
í máli nr. 2/2013
Landsnet hf.
gegn
Orkustofnun

Föstudaginn 6. júní 2014 kvað úrskurðarnefnd raforkumála upp eftirfarandi úrskurð í kærumáli Landsnets hf., (hér eftir kærandi), Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík, á hendur Orkustofnun, Grensásvegi 8, 108 Reykjavík. Málið hefur fengið númerið 2/2013.

I. Kæruefni og kröfur Landsnets hf.

Með bréfi, dags. 18. janúar 2013, kærir Landsnet hf. (hér eftir kærandi eða Landsnet hf.) fjórar stjórnsluákvarðanir Orkustofnunar, dags. 19. desember 2012, og eina ákvörðun, dags. 20. desember 2012. Um er að ræða annars vegar fjórar ákvarðanir sem bera yfirskriftina „Uppgjör tekjumarka Landsnets 2006“, „Uppgjör tekjumarka Landsnets 2007“, „Uppgjör tekjumarka Landsnets 2008“ og „Uppgjör tekjumarka Landsnets 2009“ og hins vegar ákvörðun um leyfða arðsemi og hagræðingarkröfu fyrir tímabilið 2006-2009.

Af hálfu kæranda er gerð sú krafa að hinar kærðu ákvarðanir verði felldar úr gildi og staðfest að við uppgjör tekjumarka skuli arðsemiskrafa kæranda fyrir árin 2006-2009 fara sem næst því að vera stighækkandi á fimm árum frá gildistöku raforkulaga nr. 65/2003 (raforkulög), í stað hækkunar í einu þrepi eftir fimm ár frá gildistöku bráðabirgðaákvæðisins, þar sem tekið hefur verið tillit til raunhagræðingar hjá kæranda á umræddum árum og sett hagræðingarkrafa taki mið af því þannig að ekki verði hækkun á tekjumörkum eða komi til hækkunar gjaldskrár við uppgjör tekjumarka umræddra ára.

II. Málsvik

Ákvarðanir Orkustofnunar um tekjumörk kæranda á árunum 2006-2009 og uppgjör tekjumarka hafa verið til endurskoðunar um nokkurt skeið vegna ágreinings um arðsemisviðmið á tímabilinu. Hefur ágreiningurinn komið til úrlausnar nefndarinnar áður, samanber mál nr. 1/2009, 1/2011 og 1/2012. Kæru í máli nr. 1/2009 var vísað frá nefndinni en kærur í hinum málunum komu til efnislegrar úrlausnar. Í þeim málum gerði Landsnet hf. kröfu um að skýra bæri bráðabirgðaákvæði IX í raforkulögum svo að arðsemisviðmið við ákvörðun tekjumarka Landsnets hf. ætti að fara stighækkandi á árunum 2006-2009 samanber tilvísun í úrskurði hér að neðan. Úrskurðarnefndin hafnaði þeim skilningi Landsnets hf. í báðum málunum.

Úrskurður í máli nr. 1/2011 var kveðinn upp þann 14. júlí 2011. Í úrskurðarorðinu segir:

Hafnað er þeirri kröfu Landsnets hf. að skýra beri bráðabirgðaákvæði IX í raforkulögum nr. 65/2003 með þeim hætti sem kærandi geri kröfu til, þ.e. að arðsemisviðmið við setningu tekjuramma Landsnets hf. eigi að vera með þeim hætti að á árinu 2006 nemi það

6/10 af markaðsávöxtum óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa, á árinu 2007 7/10 hlutum, á árinu 2008 8/10 hlutum og á árinu 2009 9/10 hlutum samkvæmt bráðabirgðaákvæði IX í raforkulögum nr. 65/2003. Hins vegar er það niðurstaða úrskurðarnefndarinnar að samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu hafi verið gert ráð fyrir því að arðsemisviðmið hækkaði að nokkru á árunum frá 2006-2009. Óbreytt skal standa ákvörðun Orkustofnunar að við setningu tekjumarka, að því er varðar rekstrarkostnað af nýjum eignum, skuli miðað við leyfisskyldar eignir einar.

Í tilefni af þessum úrskurði nefndarinnar tók Orkustofnun nýjar ákvarðanir um arðsemisviðmið tekjumarka áráanna 2006-2009 og uppgjör þeirra. Þær sættu einnig kæru til úrskurðarnefndarinnar sem felldi þær úr gildi með úrskurði 8. október 2012 í máli nr. 1/2012. Í úrskurðarorði nefndarinnar segir:

Hafnað er þeirri kröfu Landsnets hf. að skýra beri bráðabirgðaákvæði IX í raforkulögum nr. 65/2003 með þeim hætti sem fyrirtækið gerir kröfu til, þ.e. að arðsemisviðmið við setningu tekjuramma Landsnets hf. eigi að vera með þeim hætti að á árinu 2006 nemi það 6/10 af markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa, á árinu 2007 7/10 hlutum, á árinu 2008 8/10 hlutum og á árinu 2009 9/10 hlutum samkvæmt bráðabirgðaákvæði IX í raforkulögum nr. 65/2003. Felldir eru úr gildi þeir hlutar fjögurra stjórnvaldsákvörðana Orkustofnunar frá 12. apríl 2012 er lúta að reiknaðri arðsemi í uppgjöri almenna hluta tekjumarka Landsnets hf. fyrir árin 2006-2009 sem og sá hluti ákvörðunar Orkustofnunar frá 14. mars 2012, sbr. ákvörðun stofnunarinnar frá 15. mars 2011, er lýtur að sama atriði. Lagt er fyrir Orkustofnun að taka ákvörðun um arðsemi Landsnets hf. á árunum 2006-2009 og hagræðingarkröfu á hendur fyrirtækinu samkvæmt IX bráðabirgðaákvæði raforkulaga í samræmi við það sem lýst er í úrskurðinum hér að framan.

Í úrskurðinum segir einnig:

Í úrskurði úrskurðarnefndar raforkumála frá 14. júlí 2011 var komist að þeirri niðurstöðu að samkvæmt skýringu á bráðabirgðaákvæði IX hafði verið gert ráð fyrir að arðsemisviðmið í tekjumörkum fyrir árin 2006-2009 hækkaði að nokkru en að bráðabirgðaákvæðið yrði samt ekki skýrt svo að hækkunin ætti að vera sú sem Landsneti hf. krafðist. Var þannig í raun lagt fyrir Orkustofnun af hálfu úrskurðarnefndarinnar að taka formlega stjórnvaldsákvörðun um það hver sú hækkun skyldi vera. Í stað þess að gera það sýnist Orkustofnun enn sitja við það sama og áður, þ.e. að viðurkenna í raun að Landsnet hf. eigi rétt á hækkun arðsemisviðmiðsins en hver sem sú hækkun kynni að verða eigi að mæta henni með hagræðingarkröfu á hendur fyrirtækinu sem nemi hækkun arðsemisviðmiðsins.

Í framhaldi af framangreindum úrskurði sendi kærandi erindi til Orkustofnunar, dags. 5. desember 2012, þar sem þess er óskað að uppgjöri tekjumarka verði lokið eins fljótt og verða má. Kærandi lagði áherslu á að Orkustofnun bæri að taka ákvörðun um arðsemi og hagræðingarkröfu áráanna 2006-2009, ólíkt því sem gert hafði verið í fyrri ákvörðunum stofnunarinnar. Landsnet hf. lagði í bréfinu fram tillögu hvað varðaði arðsemi og hagræðingarkröfu tekjumarka áráanna 2006-2009. Landsnet hf. taldi nærtækt að horfa til ákvarðana Orkustofnunar varðandi tekjumörk fyrir árið 2005 þar sem sett var 1% hagræðingarkrafa og lagði til að hagræðing yrði „1% á stighækkandi arðsemi“. Orkustofnun tók hinar kærðu ákvarðanir um uppgjör tekjumarka Landsnets hf. fyrir árin 2006-2009 þann 19. desember 2012 og ákvörðun um leyfða arðsemi og hagræðingarkröfu Landsnets hf. fyrir tímabilið 2006-2009 þann 20. desember 2012. Í ákvörðun Orkustofnunar um leyfða arðsemi og hagræðingarkröfu kemur m.a. fram að krafa Landsnets hf. um stighækkandi arðsemi geti aldrei komið til án þess að hagræðingarkrafa sé sett á móti. Annars sé verið að brjóta gegn

bráðabirgðaákvæði IX sem átti að hvetja til hagræðingar og úrskurði úrskurðarnefndar raforkumála nr. 1/2012. Í ákvörðun Orkustofnunar um leyfða arðsemi og hagræðingarkröfu segir m.a.:

Sett er 1% hagræðingarkrafa á tekjumörk flutningsfyrirtækisins vegna flutnings raforku til dreifiveitna árin 2006-2009 sem lækkar tekjumörk Landsnets hf. um 25.819 þús.kr. 2006, -26.742 þús.kr. 2007, 27.453 þús.kr. 2008 og 28.997 þús.kr. 2009. Leyfð arðsemi Landsnets hf. vegna flutnings raforku til dreifiveitna árin 2006-2009 er hækkuð úr 50% fyrir öll árin, í 50,16% árið 2006, 51% árið 2007, 52% árið 2008 og 54% árið 2009.

III. Málsmeðferð

Með bréfi, dags. 18. janúar 2013, barst kæra Landsnets hf. sem hér er til umfjöllunar. Orkustofnun var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við kærana. Athugasemdir Orkustofnunar við kærana bárust með bréfi, dags. 20. febrúar 2013.

Kæranda var gefinn kostur á að skila inn athugasemdum. Sjónarmið kæranda bárust með bréfi, dags. 2. apríl 2013. Nefndinni bárust síðar upplýsingar um að Landsnet hf. hefði höfðað mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur er snertu arðsemisviðmið Orkustofnunar á grundvelli bráðabirgðaákvæðis IX með raforkulögum. Formaður úrskurðarnefndarinnar hafði því samband við lögmann Landsnets hf. og óskaði eftir upplýsingum um málið. Í kjölfarið sendi nefndin tölvupóst til lögmannsins, dags. 26. nóvember 2013, þar sem farið var fram á að fá í hendur skjöl málsins. Þau bárust með tölvupósti þann 15. desember 2013. Það er mat nefndarinnar að málshöfðunin eigi ekki að hafa áhrif á afgreiðslu þessa máls þar sem hún snýr ekki beint að hinni kærðu stjórnvaldsákvörðun, heldur fyrri ákvörðunum Orkustofnunar sem nefndin hefur þegar fjallað um svo og fyrri úrskurðum nefndarinnar.

Meðferð málsins hjá nefndinni hefur dregist talsvert m.a. vegna forfalla formanns úrskurðarnefndarinnar.

IV. Rök kæranda

Kærandi heldur því fram að hinar kærðu ákvarðanir Orkustofnunar séu bæði haldnar form- og efniságöllum.

Hvað formgalla varðar heldur kærandi því í fyrsta lagi fram að ákvarðanir Orkustofnunar, dags. 19. desember 2012, byggi á ákvörðun stofnunarinnar, dags. 20. desember 2012, um leyfða arðsemi og hagræðingarkröfu fyrir árin 2006-2009, þótt síðari ákvörðunin sé dagsett degi síðar. Kærandi telur að ekki sé mögulegt að taka ákvörðun um leyfða arðsemi og hagræðingarkröfu eftir að búið er að taka ákvarðanir um uppgjör tekjumarka þar sem uppgjör tekjumarka eigi að grundvallast á fyrrnefndum þáttum og vísar í því sambandi m.a. til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 1/2012.

Í öðru lagi heldur kærandi því fram að andmælaréttur kæranda samkvæmt 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 hafi verið brotinn. Kæranda hafi ekki verið gefinn kostur á að tjá sig um væntanlegar ákvarðanir, hvorki um hagræðingarkröfuna sjálfa né hvernig ákvarðanirnar komi inn í heildarmyndina við uppgjör tekjumarka. Þannig hafi kærandi ekki haft tækni á að tjá sig um væntanlegar ákvarðanir áður en þær voru birtar honum. Kærandi bendir á að jafnvel þótt hann hafi áður tíundað sjónarmið um túlkun á bráðabirgðaákvæði IX við raforkulög og um hagræðingarkröfu, þá feli hinar kærðu ákvarðanir Orkustofnunar í sér

næstum því sömu efnislegu niðurstöðuna og áður, jafnvel þótt nú sé búið að ákveða 1% hagræðingarkröfu. Þetta gangi þvert gegn úrskurði nefndarinnar í máli nr. 1/2012. Kærandi telur að hann hafi því ekki notið andmælaréttar um þá aðferð sem Orkustofnun beitti við töku ákvarðananna og að af þeim sökum beri að ógilda hina kærðu ákvörðun.

Í þriðja lagi heldur kærandi því fram að hinar kærðu ákvarðanir séu haldnar ágalla þar sem ekki sé að finna neinn rökstuðning fyrir niðurstöðu þeirra.

Hvað efnisþátt málsins varðar vísar kærandi til fyrri kæra sinna til úrskurðarnefndar raforkumála um málsástæður og til raka sem fram koma í málum nr. 1/2011 og 1/2012. Kærandi telur að uppgjör tekjumarka félagsins fyrir árin 2006-2009 séu ákvörðuð með röngum hætti þar sem hækka beri leyfða arðsemi félagsins á umræddu árabili, hvort heldur með jafnri stighækkandi arðsemi frá árinu 2006 til ársins 2009 eða með hækkun arðsemi að teknu tilliti til hagræðingarkröfu. Þó aldrei þannig að hagræðingarkrafa komi að fullu á móti hækkaðri arðsemi. Uppgjör tekjumarka Landsnets hf. fyrir tímabilið eigi að mati kæranda að vera hærra en sem nemur hækkun á arðsemi yfir umrædd ár án þess að til breytinga komi á gjaldskrá til hækkunar.

Kærandi bendir á að síðasti málsliður bráðabirgðaákvæðisins IX með raforkulögum segi að hækkun arðsemisviðmiðsins skuli ekki valda meiri hækkun tekjumarka en næst með hagræðingarkröfu. Þegar ákvæðið sé lesið í heild sinni verði engan veginn ráðið að hækkun á arðsemisviðmiði skuli öll eiga sér stað á sama tíma. Þvert á móti eigi viðmiðið að hækka í þrepum á tímabilinu þó það sé ekki nákvæmlega útfært. Til þess að tvöföldun geti orðið á arðsemi flutningsfyrirtækisins án þess að tekjumörk séu hækkuð verður að mati kæranda að draga svo umtalsvert úr rekstrarkostnaði að vandséð sé hvernig flutningsfyrirtækið gæti starfað áfram. Meðal annars megi af því ráða að fráleitt sé að túlka bráðabirgðaákvæði IX á þann veg að ákvörðuð hagræðing skuli ganga að fullu á móti hækkaðri arðsemi. Þá hafi úrskurðarnefndin þegar úrskurðað að sú aðferðafræði Orkustofnunar standist ekki, samanber framangreinda tilvísun í úrskurð nefndarinnar frá 8. október 2012. Vísar kærandi í því sambandi til röksemda sinna hvað þetta varðar í fyrri málum nr. 1/2011 og 1/2012 sem rekin hafa verið fyrir nefndinni.

Kærandi telur að af orðalagi síðasta málsliðar bráðabirgðaákvæðisins verði ekki annað ráðið en að hækka skuli arðsemisviðmiðið jafnt og þétt á fimm ára tímabili. Með ákvæðinu hafi arðsemisviðmiðið í reynd verið aðlagað að þágildandi reglum um arðsemi flutningsfyrirtækisins samanber 12. gr. laganna. Þá sé áréttað í lögskýringargögnum að hækkun arðsemisviðmiðunar skuli ekki gefa tilefni til hækkunar á gjaldskrá, samanber nefndarálit iðnaðarnefndar þar sem segi orðrétt:

Þá er gerð tillaga um breytingu á orðalagi í lokamálslið ákvæðisins og kveðið skýrar á um það að hækkun arðsemisviðmiðunar skuli ekki valda meiri hækkun tekjumarka en náist með hagræðingarkröfu. Með því er komið í veg fyrir að hækkun á arðsemisviðmiðun gefi tilefni til hækkunar á gjaldskrá. (130. lögjafarþing 2003–2004. Þskj. 1690 — 740. mál.).

Kærandi bendir á að bráðabirgðaákvæði IX raforkulaga hafi að geyma undanþágu frá 12. gr. raforkulaga að því er varðar ákvörðun um arðsemiskröfu kæranda. Verði að túlka ákvæðið með hliðsjón af því. Ljóst sé að sú hagræðingarkrafa sem vísað er til í lokamálslið bráðabirgðaákvæðisins sé ekki sama hagræðingarkrafa og 12. gr. raforkulaga vísar til.

Kærandi gagnrýnir að engar leiðbeiningar eða viðmiðanir hafi verið gefnar út af Orkustofnun um túlkun og skýringu á 12. gr. laganna eða bráðabirgðaákvæðinu eða hvernig uppgjör samkvæmt ákvæðinu skuli fara fram.

Kærandi bendir á að markmið raforkulaga sé að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu skv. 1. gr. laganna. Skuli í því skyni tryggja afhendingaröryggi og skilvirkni í flutningum ásamt hagkvæmni. Flutningsfyrirtæki séu sett tekjumörk sem koma eiga í veg fyrir að flutningsfyrirtækið sem njóti einkaleyfis taki gjald sem sé óforsvaranlegt. Aftur á móti sé mikilvægt að einkaleyfishafar, eins og kærandi, hafi fullnægjandi arðsemi af starfsemi sinni svo tryggja megi afhendingaröryggi raforku og hagkvæma uppbyggingu raforkukerfisins enda mæli raforkulög fyrir um að svo skuli gert. Kærandi tekur fram að í 1. gr. raforkulaga sé ekki mælt fyrir um að lágt verð á raforku sé á meðal markmiða raforkulaga. Meginskylda Orkustofnunar sé að auka hagkvæmni en ekki að lækka verð en lágt verð getur leitt til of lítillar fjárfestingar, auk þess sem tryggja verður rekstrargrundvöll flutningsfyrirtækisins m.a. svo markmiðum laganna um afhendingaröryggi og skilvirkni í flutningi raforku verði náð. Kærandi telur að mikilvægur greinarmunur sé annars vegar á arðsemi til að tryggja að markmiðum laganna verði náð og hins vegar á lágu verði. Dreifiveitur og flutningsfyrirtæki byggi ekki upp hagkvæm dreifi- og flutningskerfi nema fyrirséð sé að hafa megi af því viðunandi arðsemi.

Kærandi bendir á að í hinum kærðu ákvörðunum Orkustofnunar sé í fyrsta sinn gert ráð fyrir hagræðingarkröfu sem einum þriggja þátta við setningu og uppgjör tekjumarka, samanber einnig bráðabirgðaákvæði raforkulaga. Úrskurðanefnd raforkumála hafi komist að því í úrskurði sínum frá 8. október 2012 að Orkustofnun hafi ekki fylgt ákvæðum raforkulaga um setningu tekjumarka árána 2006-2009 enda hafi Orkustofnun ekki tekið ákvörðun um það hver hækkun arðsemi skyldi vera eins og nefndin hafði lagt fyrir stofnunina og hagræðingarkrafa hafi ekki verið ákveðin.

Kærandi telur að í hinum kærðu ákvörðunum hafi ekki orðið nein breyting á, Orkustofnun ákvarði arðsemi árána 2006-2009 nálega þá sömu og áður og það jafnvel þótt 1% hagræðingarkrafa hafi nú verið ákveðuð eftir á. Þetta ákveði Orkustofnun þvert á það sem segi í úrskurði úrskurðanefndar raforkumála frá 8. október 2012 þar sem vísað sé til þess að rangt væri hjá Orkustofnun að láta hækkun arðsemisviðmiðsins mæta hagræðingarkröfu að fullu. Þannig taki Orkustofnun ranga ákvörðun í hinum kærðu ákvörðunum þar sem hagræðingarkrafa hafi fyrst verið ákveðin 1% og hún svo látin ganga á móti hækkun arðsemisviðmiðs þannig að niðurstaða í uppgjóri tekjumarka árána 2006-2009 verði eftir sem áður sú sama, þ.e. bæði fyrir og eftir ákvörðun á hagræðingarkröfu. Kærandi fái ekki skilið niðurstöðu úrskurðanefndar á annan hátt en að þar sé kveðið á um að rangt sé að hagræðingarkrafa geti aldrei haft áhrif á uppgjör tekjumarka umræddra ára þar sem hún skuli ávallt ganga uppá móti hækkaðri arðsemi. Þetta sé einnig í andstöðu við það sem að fram komi í frumvarpi til laga nr. 89/2004 um breytingu á raforkulögum þar sem segi:

Með því að fara hægt í sakirnar með hækkun á arðsemisviðmiðunum í tekjumörkum flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna á að koma í veg fyrir skyndilega hækkun raforkuverðs í upphafi. Lögð er áhersla á að hækkun arðsemisviðmiðana felur ekki í sér kröfu til fyrirtækjanna um aukna arðsemi og hækkun gjaldskrár í því skyni. Haldist

arðsemin yfir lágmarksviðmiðunarmörkum er Orkustofnun ekki ætlað að gera athugasemdir við hana. [Undirstrikun kæranda]

Kærandi telur að framangreint verði ekki skilið á annan hátt en að raforkulög, einkum bráðabirgðaákvæðið, kveði á um að arðsemisviðmiðið skuli hækka á umræddum fimm árum og að hækkunin skuli vera ákveðin að teknu tilliti til hagræðingarkröfu og þess að gjaldskrá hækki ekki. Ítrekar kærandi í þessu sambandi að veruleg raunlækkun hafi orðið á gjaldskrá kæranda á þeim árum sem um ræðir.

Kærandi telur að ekki verði horft framhjá því að í raun sé það svo að gjaldskrá muni ekki breytast afturvirkta nú við uppgjör tekjumarka, hvort sem hagræðingarkrafa var ákvörðuð við setningu tekjumarka eða ekki. Í bréfi Orkustofnunar, dags. 24. febrúar 2012, til kæranda þar sem ákvörðun stofnunarinnar um enga hagræðingarkröfu sé rökstudd komi fram að tvær leiðir hafi verið færar, annars vegar að ákvarða enga hagræðingarkröfu og hins vegar að láta hagræðingarkröfuna ganga upp á móti hækkaðri arðsemi að fullu. Fáir kærandi ekki betur séð en að úrskurðanefnd raforkumála hafi þegar kveðið á um að þessar leiðir séu ekki færar þegar kemur að túlkun á bráðabirgðaákvæðinu. Hið rétta sé að „ákvarða fyrst arðsemina og í framhaldi af því hagræðingarkröfuna.“ Arðsemin hækki svo á umræddum árum, þ.e. árunum 2006-2009, en þó þannig að það valdi ekki hækkun á gjaldskrá. Hafi kærandi þegar sýnt fram á að raunlækkun hafi orðið á gjaldskránni á umræddu tímabili. Kærandi telur að við uppgjör tekjumarka beri að horfa til þess að tiltekna breytingar hafi orðið frá setningu tekjumarka en tekjumörk séu ákvörðuð út frá tilteknum stærðum sem kunna að taka breytingum eins og raunin varð. Þá verði ekki horft framhjá því að regla sé að breytingar verði á tekjumörkum frá setningu þeirra til uppgjörs enda hafi fjölmargir þættir breyst og byggt sé á raunupplýsingum í stað áætlana.

Að öllu samandregnu telur kærandi:

að stærðarmunur milli hækkunar arðsemi annars vegar og hagræðingarkröfu hins vegar geri lögin óskýr. Greinargerðin með lögunum skýri ákvæðið að hluta með vilja löggjafans um að gjaldskrá hækki ekki með hækkaðri arðsemi. Til þess verður að horfa um leið og taka verður tillit til þess að um uppgjör en ekki setningu tekjumarka er að ræða. Við þær aðstæður er hægt að horfa til gjaldskrár og taka tillit til þróunar hennar við hækkun arðseminnar. Miðað við sett tekjumörk í upphafi tímabils hafa orðið verulegar breytingar á tekjumörkum almennings. Annars vegar hefur orðið veruleg raunlækkun gjaldskrár, og hins vegar tilflutningur milli ramma tekjumarka (stórnotendur og almennigur) auk annarra minni breytinga. Frá stofnun Landsnets til ársloka 2009 hefur fyrirtækið nánast tvöfaldast að stærð, bæði m.t.t. orkumagns og eignastofns, og það án þess að rekstrarkostnaður hafi hækkað sem nokkru nemur. Þannig hefur orðið til mikil stærðarhagkvæmni sem almenni hluti tekjumarka hefur notið góðs af. Hefur tilkostnaður í ramma almennings lækkað verulega umfram raunlækkun gjaldskrár og tekna. Því hefur orðið til skuld í ramma almennings sem kallar á enn frekari lækkun gjaldskrár umfram það sem nú er orðið. Í stað þess að taka tillit til þessa að nokkru leyti og þeirrar hagræðingar sem þetta endurspeglar fyrir ramma almennings hefur Orkustofnun ákvarðað hagræðingarkröfu sem hún hefur látið ganga að fullu á móti óverulega hækkaðri arðsemi, þvert á það sem úrskurðanefnd raforkumála hefur úrskurðað að beri ekki að gera. Við svo búið er sýnt að gjaldskrá almennings lækkar enn frekar þrátt fyrir verulega auðsýnda hagræðingu í þeim ramma. Landsnet telur að með nánari upplýsingum og útlistun sem finna má í fylgiskjali 6 með kæru þessari hafi verið sýndar útfærslur til hækkunar arðsemi sem uppfylltu bráðabirgðaákvæðið, héldu raunlækkun tímabilsins til haga en kæmu í veg fyrir framtíðarverðlækkunir að fullu eða hluta.

Kærandi telur hvað varðar ákvörðun Orkustofnunar frá 20. desember 2012 um hagræðingarkröfuna að með vísan til framangreindra röksemda beri að fella þá ákvörðun úr gildi enda verði hagræðingarkrafan ekki meðhöndluð án tillits til annarra þátta sem áhrif hafa við uppgjör tekjumarka. Kærandi geri í sjálfu sér ekki athugasemd við þá hagræðingarkröfu sem ákveðin var en telji að hana beri að ákvarða með rökstuddum hætti að teknu tilliti til uppgjörs tekjumarka í heild.

Telur kærandi að þeir annmarkar á ákvörðunum Orkustofnunar sem að framan greinir leiði til þess að fallast beri á kröfur kæranda.

V. Athugasemdir Orkustofnunar

Orkustofnun bendir á að í fyrri ákvörðun stofnunarinnar hafi megininntakið verið að lög heimiluðu ekki að arðsemi hækkaði á tímabilinu 2006-2009 umfram það sem hægt væri án þess að það myndi valda hækkun tekjumarka. Byggt hafi verið á ákvörðun Orkustofnunar frá árinu 2006 um að hækka ekki arðsemi en á móti að gera ekki hagræðingarkröfu. Vísað hafi verið til bráðabirgðaákvæðis IX við raforkulög

Orkustofnun bendir á að ef hagræðingarkrafa hefði verið sett hefði hún skapað svigrúm til hækkunar á arðsemi. Ef fyrirtækið hefði ekki náð að hagræða í rekstri, miðað við setta kröfu, hefði það leitt til þess að beint tap hefði orðið. Orkustofnun telur að miðað við þær takmarkanir sem eru í raforkulögum hafi með þessu verið farin hagkvæmasta leiðin fyrir kæranda.

Orkustofnun tekur fram að í niðurstöðum úrskurðarnefndar raforkumála í máli nr. 1/2012 hafi hins vegar verið kveðið á um að stofnuninni væri samkvæmt þágildandi lögum skylt að setja hagræðingarkröfu. Sú leið sem farin hafi verið stæðist því ekki lög þótt túlkun Orkustofnunar sé að hún jafngildi því að setja hagræðingarkröfu 0%. Í úrskurðinum komi fram að Orkustofnun skuli ákvarða leyfða arðsemi og hagræðingarkröfu með öðrum hætti en gert hafi verið og stofnuninni falið að taka nýjar ákvarðanir.

Orkustofnun bendir á að sett hafi verið hagræðingarkrafa fyrir tímabilið til að uppfylla fyllstu kröfur úrskurðarnefndar raforkumála um form. Allt það svigrúm sem hagræðingarkrafan gaf hafi verið nýtt til þess að hækka arðsemina í áföngum á því tímabili sem um ræðir. Orkustofnun fái ekki séð að úrskurðarnefnd raforkumála hafi í máli nr. 1/2012 dregið í efa gildi þeirrar lagagreinar sem takmarkar hækkun á arðsemiskröfu þannig að ekki komi til hækkunar á tekjumörkum. Þannig hafi Orkustofnun ekki haft möguleika til að teygja sig lengra í hækkun á arðsemi.

Orkustofnun fái ekki séð af kæru þessari að gildi umræddrar lagagreinar sé hnekkt með neinu móti og krefst þess að kröfum kæranda sé hafnað.

VI. Sjónarmið kæranda vegna athugasemda Orkustofnunar

Kærandi vísar til áður fram kominna sjónarmiða varðandi túlkun á bráðabirgðaákvæði IX. Kærandi hafi ítrekað rökstutt að Orkustofnun hafi ekki sýnt fram á rök fyrir þeirri ákvörðun að hækkun arðsemisviðmiðunar valdi hækkun tekjumarka umfram hagræðingarkröfu. Orkustofnun beri að ákvarða hagræðingarkröfu eins og úrskurðarnefnd raforkumála hefur lagt

fyrir stofnunina. Kærandi ítrekar að öðru leyti gerðar kröfur og vísar til áður fram kominna sjónarmiða til stuðnings kröfum sínum.

VII. Niðurstaða úrskurðarnefndar raforkumála

Í málinu er gerðar kröfur um ógildingu hinnar kærðu ákvörðunar á grundvelli bæði form- og efnisgalla. Úrskurðarnefndin telur rétt að fjalla fyrst um efnisþætti málsins sem snúast um túlkun á bráðabirgðaákvæði IX við raforkulög nr. 65/2003. Eins og fram kemur í málsatvikalýsingu hefur túlkun þess ákvæðis áður komið til kasta nefndarinnar og er þetta fjórða kæran sem nefndinni berst vegna framkvæmdar tengdri ákvæðinu, samanber úrskurðir nefndarinnar í málum nr. 1/2009, 1/2011 og 1/2012. Bendir þetta til þess að ákvæðið sé ekki eins skýrt og æskilegt hefði verið og gefi ekki skýra leiðbeiningu um hvernig ákvarða skuli arðsemisviðmið flutningsfyrirtækisins samkvæmt ákvæðinu.

Við túlkun ákvæðisins verður að hafa í huga að það er sett samhliða innleiðingu á nýju fyrirkomulagi við ákvörðun gjaldtöku fyrir flutning og dreifingu raforku eins og rakið er í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 65/2003 og síðar framkomnum lögum um breytingar á raforkulögum, einkum lögum nr. 89/2004.

Við það tímamark er ákvæði raforkulaga um flutning raforku tóku gildi voru til takmarkaðar upplýsingar um sérgreindan kostnað við flutning raforku. Má það m.a. rekja til þess að fram að gildistöku laga nr. 89/2004 var sú starfsemi sem er nú á hendi Landsnets hf. að meginstefnu til hluti af starfsemi Landsvirkjunar. Einnig ber að líta til þess að skilgreining á því hvað félli undir flutning raforku í skilningi raforkulaga kom ekki fram í endanlegu formi fyrir en við samþykkt laga nr. 89/2004. Úrskurðarnefnd raforkumála telur að rétt sé að hafa þetta í huga við skýringu á hinu umþrætta ákvæði.

Við setningu laga nr. 65/2003 var kveðið á um ákvörðun tekjumarka flutningsfyrirtækisins í 2. mgr. 12. gr. laganna. Þar sagði:

Orkustofnun skal árlega ákveða tekjumörk flutningsfyrirtækisins út frá eftirfarandi viðmiðum:

1. Kostnaði sem tengist starfsemi fyrirtækisins, þ.m.t. kostnaði vegna viðhalds, afskrifta á nauðsynlegum eignum til reksturs kerfisins, leigukostnaði vegna flutningsvirkja, fjármagnskostnaði, kostnaði við orkutöp, almennum rekstrarkostnaði og kostnaði við kerfisstjórnun.
2. Arðsemi eigin fjár sem skal að jafnaði vera 2% eða hærri eftir skatta en þó ekki yfir tvöfaldri meðalraunávöxtun ríkisskuldabréfa síðustu fimm ár. Upphafleg arðsemiskrafa skal að hámarki jafngilda meðalraunávöxtun ríkisskuldabréfa síðustu fimm ár.
3. Hagræðingarkröfu sem skal taka mið af eðlilegum kostnaði samkvæmt mati Orkustofnunar að teknu tilliti til þeirrar þjónustu sem fyrirtækið veitir.
4. Komi í ljós að arðsemi eigin fjár hjá fyrirtækinu síðastliðin þrjú ár er utan þeirra marka sem fram koma í 2. tölul. skal taka tillit til þess við gerð gjaldskrár á næsta ári.

Þessi lagagrein hefur síðan tekið nokkrum breytingum, samanber lög nr. 89/2004, lög nr. 149/2004 og lög nr. 19/2011. Af lögskýringargögnum má ráða að löggjafinn hafði af því áhyggjur að hið nýja fyrirkomulag kynni að leiða til verulegrar hækkunar á raforkuverði vegna þess að gerð yrði arðsemiskrafa vegna starfssemi flutningsfyrirtækisins og

dreifiveitna. Eins og fram kemur í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 1/2011 má ráða af lagapróuninni og lögskýringargögnum að ætlun löggjafans var að tryggja að svo yrði ekki og að arðsemisviðmiðið leiddi ekki til hækkunar á raforkuverði, a.m.k. sem minnstrar. Þær breytingar sem hafa beina þýðingu við úrlausn málsins voru gerðar með lögum nr. 89/2004.

Með 8. gr. þeirra laga var 2. tölul. 2. mgr. 12. gr. raforkulaga nr. 65/2003 breytt þannig varðandi arðsemi flutningsfyrirtækisins:

Arðsemi flutningsfyrirtækisins skal vera sem næst markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa. Arðsemi reiknast sem hlutfall hagnaðar fyrir fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og skatta (EBIT) og bókfærðs verðs fastafjármuna.

Þetta var hin almenna regla sem sett var og ætlað var að gilda um arðsemi vegna starfsemi flutningsfyrirtækisins, bæði varðandi flutning til stórnotenda og til dreifiveitna vegna almennra notenda. Jafnframt var í 9. mgr. 12. gr. kveðið á um að taka ætti tillit til þess við setningu tekjumarka ef arðsemi flutningsfyrirtækisins færi út fyrir ákveðin viðmiðunarmörk. Kæmi í ljós að arðsemi flutningsfyrirtækisins næstliðin þrjú ár væri undir helmingi af markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa eða meira en þriðjungi yfir sömu ávöxtun skyldi taka tillit til þess við setningu tekjumarka og gerð gjaldskrár næsta árs. Af þessu má ráða að lágmarksarðsemi skyldi ekki verða lægri, að jafnaði yfir þriggja ára tímabil, en sem næmi helmingi af markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa. Með lögum nr. 89/2004 var einnig sett hið umþrætta bráðabirgðaákvæði IX sem ber yfirskriftina: „Arðsemi flutningsfyrirtækis og dreifiveitna“ og hljóðaði svo í frumvarpinu eins og það var lagt fyrir Alþingi:

Við setningu tekjuramma flutningsfyrirtækisins vegna flutnings raforku til dreifiveitna skal Orkustofnun í upphafi miða við að arðsemi sé helmingur af markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til sex ára eða sambærilegra verðbréfa. Sama á við um tekjumörk dreifiveitna. Hækka skal arðsemisviðmiðunina á fimm árum í þá ávöxtun sem kveðið er á um í 2. tölul. 2. mgr. 12. gr. og 2. tölul. 2. mgr. 17. gr. Þó skal hækkun arðsemisviðmiðunar ekki valda meiri hækkun tekjumarka en næst með hagræðingarkröfu.

Í athugasemdum við þá efnisgrein sem varð bráðabirgðaákvæði IX við raforkulög er að finna eftirfarandi umfjöllun:

Lagt er til að við ákvörðun tekjumarka skv. 2. tölul. 2. mgr. 12. gr. og 2. tölul. 2. mgr. 17. gr. skuli Orkustofnun í upphafi miða við lág arðsemi eða helming af markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára. Samkvæmt ákvæðinu má ávöxtunin fara stighækkandi á fimm árum í þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir samkvæmt tilvitnuðum ákvæðum. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir hækkun á raforkuverði. Þess er vænst að aukin arðsemi náist með hagræðingu þar sem tekjumörk þurfi ekki að hækka vegna arðsemisviðmiðana sem kunna að vera yfir núverandi arðsemi fyrirtækjanna. Fyrirtækin halda þá ávinningi af hagræðingu til að auka arðsemina. Með því að fara hægt í sakirnar með hækkun á arðsemisviðmiðunum í tekjumörkum flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna á að koma í veg fyrir skyndilega hækkun raforkuverðs í upphafi. Lögð er áhersla á að hækkun arðsemisviðmiðana felur ekki í sér kröfu til fyrirtækjanna um aukna arðsemi og hækkun gjaldskrár í því skyni. Haldist arðsemin yfir lágmarksviðmiðunarmörkum er Orkustofnun ekki ætlað að gera athugasemdir við hana. [Undirstrikun úrskurðarnefndar]

Hér er skýrt kveðið á um hver tilgangur bráðabirgðaákvæðisins er þ.e. að koma í veg fyrir hækkun raforkuverðs við innleiðingu nýs fyrirkomulags raforkumála. Þarna er einnig ráðagerð um að hagræðing muni leiða til hækkunar á arðsemi án þess að til kæmi hækkun á

tekjumörkum. Jafnframt er sérstaklega tekið fram að ef arðsemi sérleyfisfyrirtækjanna er yfir lágmarksviðmiðunarmörkum skuli ekki gera athugasemdir við arðsemina. Skýringin verður ekki skilin á annan veg en svo að ef sérleyfisfyrirtækin, sem bráðabirgðaákvæðið nær til, hagræða í rekstri sínum geti þau haldið ávinningi af þeirri hagræðingu í formi aukinnar arðsemi á gildistíma ákvæðisins, þ.e. meðan á hinu tímabundna ástandi lægri hámarksarðsemi stendur.

Sé litið til framsöguræðu þáv. iðnaðarráðherra þegar mælt var fyrir frumvarpi sem varð að lögum nr. 89/2004 má sjá að þessi fyrirætlan var skýr:

Í frv. er lagt til að í upphafi miðist tekjumörk flutningsfyrirtækisins og dreifiveitna við helming af arðsemi markaðsávöxtunar óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa. Arðsemisviðmiðunin hækki á fimm ára tímabili í þá ávöxtun sem kveðið er á um í gildandi lögum. Með þessu er stefnt að því að leyfa þessum fyrirtækjum að njóta hluta þeirrar hagræðingar sem þau eiga að ná innan þess tekjuramma sem þeim er settur án þess að það muni leiða til hækkunar á gjaldi til flutnings og dreifingar raforku. [Undirstrikun úrskurðarnefndar]

Að tillögu meirihluta iðnaðarnefndar tók ákvæðið breytingum í meðförum þingsins. Sú breyting sem hér skiptir máli var gerð á lokamálsliðnum sem eftir hana hljóðaði svo:

Þó skal hækkun arðsemisviðmiðunar ekki valda meiri hækkun tekjumarka en næst með hagræðingarkröfu.

Þótt orðalag ákvæðisins sé nokkuð óljóst verður það ekki skilið á annan veg en að hækkun á arðsemisviðmiðum megi ekki valda hækkun tekjumarka. Hækkun á arðsemisviðmiðum er með öðrum orðum háð því að fyrirtækin nái að hagræða í rekstri sínum. Í samræmi við fyrirmæli 3. tölul. 2. mgr. 12. gr. vísar ákvæðið til hagræðingarkröfu. Sú orðnotkun verður þó ekki skilin á þann veg að ætlunin hafi verið að víkja frá þeim vilja sem fram kom í frumvarpinu og framsögu ráðherra að heimila sérleyfisfyrirtækjunum að halda þeirri hagræðingu sem þau raunverulega næðu á gildistíma bráðabirgðaákvæðisins. Er hagræðingarkrafa samkvæmt bráðabirgðaákvæði IX að þessu leyti frábrugðin hagræðingarkröfu samkvæmt 12. gr. raforkulaga.

Nefndarálit iðnaðarnefndar er skýrt um þetta:

Þá er gerð tillaga um breytingu á orðalagi í lokamálslið ákvæðisins og kveðið skýrar á um það að hækkun arðsemisviðmiðunar skuli ekki valda meiri hækkun tekjumarka en náist með hagræðingarkröfu. Með því er komið í veg fyrir að hækkun á arðsemisviðmiðun gefi tilefni til hækkunar á gjaldskrá. Sérleyfisfyrirtækjunum er aftur á móti gefin heimild til að auka arðsemi sína með hagræðingu. [Undirstrikun úrskurðarnefndar]

Bráðabirgðaákvæði IX við raforkulög hljóðaði svo eftir gildistöku laga nr. 89/2004 og leiðréttingu sem gerð var á ákvæðinu með lögum nr. 149/2004¹:

Við setningu tekjuramma flutningsfyrirtækisins vegna flutnings raforku til dreifiveitna skal Orkustofnun í upphafi miða við að arðsemi sé helmingur af markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa. Sama á við um tekjumörk dreifiveitna. Hækka skal arðsemisviðmiðunina á fimm árum í þá ávöxtun sem

¹ Leiðréttingin fól í sér að taka átti mið af óverðtryggðum ríkisskuldabréfum til fimm ára en ekki sex ára eins og stóð í textanum eftir samþykkt laga nr. 89/2004.

kveðið er á um í 2. tölul. 2. mgr. 12. gr. og 2. tölul. 2. mgr. 17. gr. Þó skal hækkun arðsemisviðmiðunar ekki valda meiri hækkun tekjumarka en næst með hagræðingarkröfu.

Eins og rakið er hér að framan og fram kemur í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 1/2011 má ráða af lögskýringargögnum að ætlun löggjafans hafi verið að tryggja að ekki kæmi til hækkunar raforkuverðs vegna arðsemiskröfu sérleyfisfyrirtækja. Með vísan til heildstæðs mats á lögnum og lögskýringargögnum hafnaði úrskurðarnefndin því í máli nr. 1/2011 að unnt væri að skýra bráðabirgðaákvæði IX með raforkulögum svo að í því fælist lögbundinn réttur Landsnets hf. til þess að arðsemisviðmiðanir hækkuðu í samræmi við kröfur Landsnets hf. í jöfnum þrepum á árunum 2006-2009.

Úrskurðarnefndin ítrekaði þessa túlkun á efni ákvæðisins í máli nr. 1/2012 þar sem Landsnet hf. setti fram sömu kröfur og í máli nr. 1/2011 um stighækkandi arðsemi á tímabilinu 2006-2009. Stendur þessi túlkun úrskurðarnefndarinnar enn óbreytt.

Úrskurðarnefndin skilur kröfur Landsnets hf. í því máli sem hér er til úrlausnar svo að ekki sé lengur gerð krafa um skilyrðislausa hækkun arðsemisviðmiða í jöfnum þrepum á árunum 2006-2009. Þess í stað sé gerð krafa um að hækkun þeirra fari sem næst því að fara stighækkandi á tímabilinu án þess að til hækkunar á gjaldskrá komi. Arðsemisviðmið eigi því að hækka jafnt og þétt á tímabilinu. Til þess að svo geti orðið megi ákvörðuð krafa um hagræðingu ekki ganga að fullu á móti hækkun viðmiða um arðsemi.

Eins og áður segir má glögglega ráða að vilji löggjafans stóð til að leyfa sérleyfisfyrirtækjum að njóta aukins arðs að því gefnu að þau næðu aukinni arðsemi með raunverulegri hagræðingu en þó þannig að ekki kæmi til hækkunar tekjumarka þótt viðmið um arðsemi hækkuðu.

Úrskurðarnefndin telur að af hinu umþrætta bráðabirgðaákvæði leiði að við hækkun arðsemisviðmiða á tímabilinu 2006-2009 verði að taka mið af raunverulegri rekstrarhagræðingu og óheimilt sé að hækka arðsemisviðmið ef ekki hefur náðst hagræðing í rekstri. Hafi Landsnet hf. hins vegar raunverulega náð að hagræða í rekstri sínum eigi fyrirtækið að njóta þeirrar hagræðingar að fullu að gættum ákvæðum 9. mgr. 12. gr. raforkulaga um hámarksarðsemi. Rétt sé að horfa á hvert ár tímabilsins fyrir sig og hækka viðmið um arðsemi skref fyrir skref eftir því sem mögulegt er innan þeirra marka sem raunveruleg hagræðing leyfir.


Eins og fram kemur í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 1/2012 ber Orkustofnun að ákvarða tekjumörkin út frá m.a. hagræðingarkröfu. Samkvæmt 3. tölul. 2. mgr. 12. gr. raforkulaga, eins og þau stóðu á þeim tíma er málið varðar, á hagræðingarkrafa að taka mið af eðlilegum kostnaði samkvæmt mati Orkustofnunar að teknu tilliti til þeirrar þjónustu sem fyrirtækið veitir. Á Orkustofnun samkvæmt því að leggja mat á hvað telst eðlileg hagræðing í rekstri. Hafi fyrirtækið í reynd náð að hagræða jafnmikið eða meira en krafan gerir ráð fyrir innan ársins gerir bráðabirgðaákvæði IX með raforkulögum ráð fyrir að arðsemisviðmiðið hækki sem nemur raunhagræðingunni. Hafi fyrirtækið hins vegar ekki náð að hagræða innan ársins í þeim mæli sem krafa Orkustofnunar segir til um verður hækkun arðsemisviðmiðsins minni sem nemur mismuninum. Það er því í reynd raunhagræðing hvers árs sem ræður því hvort og þá hversu mikið arðsemisviðmiðið hækkar.

Ekki verður séð að ákvörðun Orkustofnunar um leyfða arðsemi og hagræðingarkröfu fyrir tímabilið 2006-2009 samræmist 12. gr. raforkulaga og bráðabirgðaákvæði IX með raforkulögum eins og greinarnar hafa verið skýrðar hér að framan. Skortir þar á að lagt hafi verið mat á hvort Landsnet hf. náði fram hagræðingu á gildistíma hins umþrætta bráðabirgðaákvæðis, og hafi svo verið, hve mikil sú hagræðing var. Eins og að framan er rakið er það mikilvægt að svo sé gert þar sem ætlun löggjafans var að sérleyfisfyrirtækin fengju að njóta þeirrar hagræðingar. Kann niðurstaða þar um að skipta miklu þegar kemur til uppgjörs tekjumarkatímabila. Það verður því ekki hjá því komist að fallast á kröfur um ógildingu hinna kærðu ákvarðana og leggja fyrir Orkustofnun að taka nýjar ákvarðanir í samræmi við framangreindar skýringar. Í ljósi framangreinds er kröfum kæranda þó hafnað hvað snertir túlkun ákvæðisins um hvernig arðsemisviðmiðin skulu hækka á tímabilinu sem um ræðir. Orkustofnun ber að yfirfara rekstur Landsnets hf. fyrir árin 2006-2009 og kanna hve mikil raunhagræðing náðist í rekstrinum á ári hverju og hækka arðsemisviðmiðið í þrepum út frá því. Hækkun arðsemisviðmiðsins á tímabilinu á því að fara stighækkandi en þó þannig að viðmiðið fari ekki fram úr raunhagræðingu í rekstri og hækki ekki tekjumörkin.

Fallist er á það með kæranda að skort hafi á að andmælaréttar hafi verið gætt við töku hinna kærðu ákvarðana. Þá skortir einnig á að Orkustofnun færi fullnægjandi rök fyrir þeirri hagræðingarkröfu sem stofnunin ákvað.

Úrskurðarorð

Kröfum kæranda er hafnað að öðru leyti en því að hinar kærðu ákvarðanir eru felldar úr gildi og lagt fyrir Orkustofnun að taka nýjar ákvarðanir. Ber Orkustofnun að yfirfara rekstur Landsnets hf. fyrir árin 2006-2009 og kanna hvort raunhagræðing náðist í rekstri fyrirtækisins á hverju ári fyrir sig. Komi í ljós að raunhagræðing hafi náðst ber Orkustofnun að hækka arðsemisviðmið vegna flutnings raforku til dreifiveitna í samsvarandi þrepum. Hækkun arðsemisviðmiðs á tímabilinu má því fara stighækkandi en þó þannig að viðmiðið fari ekki fram úr raunhagræðingu í rekstri og hækki ekki tekjumörkin.



Pétur Örn Sverrisson, hrl.

Formaður



Kristín Haraldsdóttir



Sandra Franks